



## FUNDARGERÐ 470. FUNDAR STJÓRNAR SORPU

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, föstudaginn 26. ágúst 2022. Fundurinn er settur klukkan 08:07. Fundurinn er staðfundur að Gylfaflöt 5 og fjarfundur.

**Fundarstjóri:** Valdimar Víðisson formaður, fundarritari: Gunnar Dofri Ólafsson.

**Mætt:** Aldís Stefánsdóttir, Árelía Eydís Guðmundsdóttir, Orri Hlöðversson, Svana Helen Björnsdóttir og Valdimar Víðisson.

**Sækja fund með fjarfundarbúnaði:** Guðfinnur Sigurvinsson.

Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri, Sigríður Katrín Kristbjörnsdóttir fjármálastjóri og Gunnar Dofri Ólafsson samskipta- og þróunarstjóri.

Til fundarins hafði verið boðað með lögformlegum hætti í samræmi við starfsreglur stjórnar og er því fundurinn ákvörðunar- og ályktunarbær.

### Tekið fyrir

#### 1. Sex mánaða uppgjör SORPU bs.

Fjármálastjóri og framkvæmdastjóri gera grein fyrir sex mánaða uppgjöri SORPU.

Sex mánaða uppgjör er rætt.

Stjórn SORPU bs. bókar eftirfarandi:

*„Stjórn samþykkir sex mánaða uppgjör SORPU.“*

#### 2. Breytingar á lagaumhverfi í Evrópu sem gætu haft áhrif á útflutningsáform SORPU bs.

Haraldur Flosi Tryggvason Klein tekur sæti á fundinum klukkan 08:47 og gerir grein fyrir minnisblaði LMG um flutning úrgangs milli landa og breytingartillögur framkvæmdastjórnar ESB.

Minnisblaðið er rætt.

#### 3. Staða gallamála í GAJU

Haraldur Flosi gerir grein fyrir stöðu gallamála í GAJU. Haraldur vekur athygli stjórnar á skýrslu innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar, SORPA BS., STJÓRNARHÆTTIR / ÁÆTLUNARGERÐ, GAS- OG JARÐGERÐARSTÖÐ, frá desember 2019.

Staða málsins er rædd.



Haraldur Flosi vikur af fundinum klukkan 09:29.

#### **4. Eigendasamkomulag frá 2013 og 2020 um að hætta að urða í Álfsnesi – staða og horfur.**

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir stöðu eigendasamkomulags frá 2013 og viðauka við það frá 2020 um að hætta að urða í Álfsnesi.

Stjórn SORPU bs. bókar eftirfarandi:

*„Stjórn SORPU óskar því eftir að koma á fund stjórnar SSH þar sem eigendasamkomulag SORPU ásamt viðauka verði tekið til umræðu. Formanni stjórnar SORPU er falið að óska fundar með formanni stjórnar SSH sem fyrst.“*

#### **5. Skýrsla framkvæmdastjóra – frestað**

#### **6. Önnur mál - frestað**

#### **7. Næsti fundur**

Næsti fundur er ákveðinn föstudaginn 23. september klukkan 14:00.

Fleira var ekki gert og fundi slitið klukkan 10:05.